

**2002 nr. 19 18. mars****Lög um pósthjónustu**

**Tóku gildi 3. apríl 2002.** *EES-samningurinn*: XI. viðauki tilskipun 97/67/EB. *Breytt með* l. 136/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003; *EES-samningurinn*: XI. viðauki tilskipun 97/39/EB), l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 120/2011 (tóku gildi 1. des. 2011; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 2007/64/EB) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**I. kafli. Gildissvið laganna og markmið.****■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um pósthjónustu sem felst í móttöku eða söfnun, flokkun, flutningi og skilum á póstsendingum gegn greiðslu og um starfsemi sem þessu tengist.

**■ 2. gr. Markmið.**

□ Markmið laga um pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um land allt og að allir landsmenn hafi aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu.

**■ 3. gr. Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga.**

□ Póstsendingar innan fyrirtækis og félaga, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess, falla ekki undir ákvæði laga þessara ef viðkomandi annast póstsendinguna.

**II. kafli. Orðaskýringar.**

**■ 4. gr. Afgreiðslustaðir:** Aðstaða, þ.m.t. póstkassar fyrir almenning á opinberum stöðum eða í húsnæði rekstrarleyfishafa, þar sem viðskiptavinir geta lagt inn póstsendingar.

□ *Almenn heimild:* Heimild til að veita pósthjónustu aðra en alþjónustu.

□ *Alþjónusta:* Pósthjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli.

□ *Ábyrgðarsending:* Sending sem rekstrarleyfishafi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skaðabótum gegn hættu á tapi, þjófnaði eða skemmdum og afhendir sendanda samkvæmt beiðni hans sönnun um viðtöku póstsendingar og afhendingu hennar árituðum viðtakanda eða þeim sem heimild hefur til að taka við slíkri sendingu fyrir hans hönd. Afbrigði af þessari þjónustu er til í sendingum innan lands þar sem það nægir að afhenda sendinguna á tilgreindum ákvörðunarstað gegn áritun aðila á staðnum um viðtöku.

□ *Blindrasending:* Sending með utanáritun sem inniheldur einvörðungu upplýsingaefni fyrir blinda.

□ *Bréf:* Skrifleg boðskipti rituð á hvers konar miðil sem senda á og afhenda á heimilisfang sem sendandi hefur gefið til kynna á bréfinu eða umbúðum þess. Ekki er litið á bækur, verðlista, dagblöð og tímarit sem bréfasendingu.

□ *Einkaréttarþjónusta:* Pósthjónusta sem enginn má veita nema ríkið eða póstrekkandi í umboði þess.

□ *Endastöðvagiöld:* Þóknun rekstrarleyfishafa fyrir dreifingu póstsendinga erlendis frá.

□ *Fjármunasending:* Greiðsluviðskipti með millifærslum, póstávísanir, póströfur og önnur fjármunaþjónusta.

□ *Frímerki:* Tegund gjaldmerkis fyrir pósthjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND“.

□ *Gjaldmerki:* Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákni um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi pósthjónustu.

□ *Grunnkröfur:* Almennar ástæður, aðrar en fjárhagslegar, sem geta valdið því að yfirvöld setji skilyrði um pósthjónustu. Ástæður geta verið trúnaðareðli bréfaskipta, öryggi póstflutninga að því er varðar flutning hættulegrar vöru og,

þar sem réttlætlegt er, verndun gagna, verndun umhverfis og svæðisskipulag. Verndun gagna getur átt við verndun persónulegra upplýsinga, trúnaðarupplýsingar sem sendar eru og verndun einkalífs.

□ *Markpóstur:* Fjöldasending sem samanstendur einungis af auglýsingum, markaðskynningu eða almennu kynningar-efni, hver sending eins að undanteknu nafni, heimilisfangi og kennitölu móttakanda sem og öðrum breytilegum upplýsingum sem ekki breyta innihaldi skilaboðanna sem send eru umtalsverðum fjölda móttakanda á þeim stað sem sendandi hefur áritað á póstsendinguna eða umbúðir hennar. Reikningar og reikningsyfirlit og aðrar sendingar sem hver fyrir sig er mismunandi skulu ekki teljast vera markpóstur.

□ *Móttaka:* Móttaka og söfnun póstsendinga sem lagðar eru inn á afgreiðslustöðum.

□ *Póstkassi:* Kassi eða rifa á byggingu sem ætlaður er fyrir söfnun póstsendinga í pósthjónustu.

□ *Póstrekandi:* Aðili sem veitir hvers kyns pósthjónustu.

□ *Póstsending:* Sending með eða án áritunar á umbúðir sem póstrekkandi flytur hana í. Auk bréfa teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og böggjar sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

□ *Pósthjónusta:* Þjónusta sem nær til móttöku og söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum gegn greiðslu.

□ *Rekstrarleyfishafi:* Aðili sem hefur leyfi til að veita alþjónustu.

□ *Tryggð sending:* Þjónusta sem tryggir póstsendingu gegn tapi, þjófnaði eða skemmdum samkvæmt því verðgildi sem sendandi tilgreinir.

□ *Útburður:* Starfsemi sem byrjar með sundurgreiningu pósts í póstmíðstöð og lýkur með afhendingu hans á ákvörðunarstað.

**III. kafli. Yfirstjórn póstmála.**

**■ 5. gr. [Ráðherra]<sup>1)</sup>** fer með yfirstjórn póstmála.

□ Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi fyrir starfrækslu pósthjónustu og hefur eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 339. gr.

**IV. kafli. Alþjónusta.**

**■ 6. gr.** Íslenska ríkið skal tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum pósthjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Við úthlutun rekstrarleyfa fyrir pósthjónustu, sbr. 14. gr., getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á rekstrarleyfishafa, einn eða fleiri, um að þeir veiti alþjónustu á starfs-svæði sínu.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að með alþjónustu sem rekstrarleyfishafar, einn eða fleiri, veita séu uppfylltar eftirfarandi kröfur:

- a. að boðin sé þjónusta sem uppfyllir grunnkröfur,
- b. að öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta,
- c. að þjónustan sé veitt án mismununar af nokkru tagi, en sérstaklega án mismununar af stjórn málaegum, trúarlegum eða hugmyndafræðilegum toga,
- d. að þjónusta verði ekki stöðvuð nema af ófyrirsjáanlegum ástæðum,
- e. að þjónustan þróist í takt við tækni-, hagfræði- og félagslegt umhverfi og þarfir notenda.

□ Að lágmarki skal í alþjónustu vera innifalinn aðgangur að póstafræðslu og pósthjónustu vegna bréfa og orð-

sendinga með utanáskrift, annarra sendinga með utanáskrift, markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift, ábyrgðarsendinga, tryggðra sendinga, fjármunasendinga og blindrasendinga allt að tveimur kílóum og bögglasendinga allt að tuttugu kílóum. Alþjónusta nær til bæði póstsendinga innan lands og til annarra landa. Skyrt er þeim sem veita alþjónustu að afhenda innan lands póstsendingar allt að tuttugu kílóum sem berast frá útlöndum.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal setja reglugerð<sup>2)</sup> um nánari útfærslu alþjónustu.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að staðið verði við skyldur ríkisins um pósthjónustu sem alþjóðlegir samningar kveða á um.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr. <sup>2)</sup> Rg. 364/2003.

## V. kafli. Einkaréttur ríkisins.

### ■ 7. gr. Einkaréttur á pósthjónustu.

□ Íslenska ríkið hefur frá 1. janúar 2003 til 1. janúar 2006 einkarétt á pósthjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 100 g að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en þrjár sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 1. gr. Frá 1. janúar 2006 skulu þyngdarmörk skv. greininni breytast í 50 g og verðmörk í 2,5 sinnum lægsta burðargjald, sbr. 7. gr. s.l.

### ■ 8. gr. Útgáfa frímerkja.

□ Íslenska ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins á þessu sviði, skal gefa út frímerki með nauðsynlegum verðgildum. Hann skal taka frá a.m.k. 500 eintök af hverju nýju frímerki. Safn þetta skal vera í vörslu rekstrarleyfishafans en í eigu íslenskra ríkisins. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins til útgáfu íslenskra frímerkja, skal senda samsvarandi aðilum erlendis, sem meðlimir eru í alþjóðapóstsambandinu, nýjar útgáfur íslenskra frímerkja og annast vörslu frímerkja sem erlend ríki senda til landsins á sama hátt. Íslenska ríkið telst eigandi allra frímerkja sem erlend ríki senda hingað samkvæmt þessu.

### ■ 9. gr. Uppsetning póstkassa.

□ Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri. Póst- og fjarskiptastofnun er þó heimilt að veita öðrum rekstrarleyfishöfum en falinn er einkaréttur ríkisins leyfi til uppsetningar póstkassa á almannafæri enda séu þeir greinilega merktir viðkomandi rekstrarleyfishafa.

□ Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um fjölda og staðsetningu póstkassa sem rekstrarleyfishafar skulu setja upp.

### ■ 10. gr. Auðkenni.

□ Íslenska ríkinu er einu heimilt að nota merkið póstlúður, með eða án stjörnu eða örva, til kynningar á pósthjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, getur heimilað aðilum sem starfa í þágu hans að nota auðkennið.

### ■ 11. gr. Framsal á einkarétti ríkisins.

□ Póst- og fjarskiptastofnun veitir rekstrarleyfishafa leyfi til að annast einkarétt ríkisins samkvæmt þessum kafla. Við val á rekstrarleyfishafa til þess að fara með einkarétt ríkisins skal tryggja að veitt verði fullnægjandi þjónusta um land allt.

## VI. kafli. Heimildir til að starfrækja pósthjónustu.

### ■ 12. gr. Tegundir heimilda.

□ Óheimilt er að starfrækja pósthjónustu án almennrar heimildar eða rekstrarleyfis nema þegar um er að ræða póst-

sendingar innan fyrirtækis, þ.m.t. milli mismunandi starfsstöðva þess.

□ Póst- og fjarskiptastofnun veitir heimildir til að starfrækja pósthjónustu. Heimildir skulu vera tvenns konar, almennar heimildir og rekstrarleyfi. Almenn heimild felur í sér réttindi til að starfrækja samkvæmt ákvæðum þessara laga og samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur pósthjónustu aðra en þá sem telst til alþjónustu, sbr. 6. gr. Almennum heimildum fylgja ekki sérreittindi. Þjónustu sem fellur undir ákvæði alþjónustu mega þeir einir veita sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt rekstrarleyfi að fenginni umsókn.

□ Heimildir eru veittar einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og í aðildarríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eftir því sem [ráðherra]<sup>1)</sup> ákveður með reglugerð.

□ Við veitingu heimilda skal gæta jafnræðis og meðalhófs, málsmeðferð skal gegnsæ og byggjast á hlutlægum viðmiðum.

□ Óheimilt er að framselja heimildir hvort sem þær eru í formi almennra heimilda eða rekstrarleyfa.

□ Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að afturkalla almenna heimild eða rekstrarleyfi ef viðkomandi aðili verður gjaldþrota, leggur niður starfsemi sína eða brýtur alvarlega gegn skilmálum almennrar heimildar eða rekstrarleyfis. Í síðasttalda tilfallinu skal viðkomandi aðila send skrifleg aðvörðun og gefinn kostur á að bæta úr vanrækslu sinni áður en til afturköllunar heimildar kemur.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr.

### ■ 13. gr. Almennar heimildir.

□ Aðilar sem hyggjast starfrækja pósthjónustu samkvæmt almennri heimild skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en fjórum vikum fyrir opnun þjónustunnar um fyrirætlan sína. Tilkynna skal stofnuninni um það hverjir standa að starfseminni, eignarhlutfall þeirra, fjárhagsstöðu aðilans og hver sé fyrirhuguð þjónusta. Póst- og fjarskiptastofnun skal innan þriggja vikna tilkynna hlutaðeigandi aðila hvort krafist verður að sótt sé um rekstrarleyfi en að öðrum kosti skrá aðila sem póstrekkanda með almenna heimild. Hefji póstrekkandi að veita pósthjónustu án þess að hafa tilkynnt það Póst- og fjarskiptastofnun með tilgreindum fyrirvara er stofnuninni heimilt að stöðva starfseminna þangað til að úr hefur verið bætt.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir póstrekkendur sem starfa samkvæmt almennri heimild.

### ■ 14. gr. Rekstrarleyfi.

□ Póstrekkendur sem hyggjast veita alþjónustu skv. 6. gr. skulu sækja um rekstrarleyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í umsóknnum skal skýrt frá því hverjir eiga aðild að umsókninni, eignarhlutföllum þeirra, fjárhagsstöðu og hver sé fyrirhuguð þjónusta og þjónustusvæði. Við leyfisveitingu er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja á kvaðir um alþjónustu alls staðar á landinu eða afmarkaða þætti alþjónustu á tilgreindu svæði. Stofnuninni er heimilt að breyta áður útgefnu leyfisbréfi og leggja á leyfishafa breyttar kvaðir um alþjónustu.

□ Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

### ■ 15. gr. Skilyrði rekstrarleyfa.

□ Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir veitingu rekstrarleyfa skv. 14. gr. Skilyrðin skulu vera skýr og við setningu þeirra skal gæta jafnræðis meðal rekstrarleyfis-

hafa. Skilyrði rekstrarleyfa geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

- a. að tryggt sé að almenningur hafi aðgang að alþjónustu,
- b. að rekstrarleyfishafi taki að sér skyldur ríkisins sem fylgja einkarétti þess,
- c. að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir alþjónustu sé háð eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrá rekstrarleyfishafa fyrir þjónustu sem er í einkarétti sé háð samþykki hennar,
- d. að rekstrarleyfishafi hagi bókhaldi sínu í samræmi við 18. gr. og veiti Póst- og fjarskiptastofnun umbeðnar upplýsingar um bókhaldið og aðgang að því,
- e. að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur, sbr. VIII. kafla,
- f. að rekstrarleyfishafar sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagsstöðu þeirra á hverjum tíma með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
- g. að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar rekstrarleyfishafa kemur,
- h. að alþjóðasamningar á sviði póstmála sem ríkið hefur gert séu virtir,
- i. að uppfylltar séu kröfur skv. 2. mgr. 6. gr.,
- j. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur sett skilyrði til viðbótar ef nauðsynlegt þykir. Slík skilyrði skal rökstyðja þegar þau eru sett. Breyta má skilyrðum rekstrarleyfa ef forsendur hafa breyst. Einnig má bæta við skilyrðum eða breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum settum samkvæmt þeim og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig gert að skilyrði að rekstrarleyfishafi, sem falinn er alþjónusta, tryggi að almenningi á ákveðnum stöðum sé veittur aðgangur að pósthjónustu í samræmi við reglur<sup>1)</sup> um staðsetningu og fyrirkomulag afgreiðslustaða sem Póst- og fjarskiptastofnun skal setja með hliðsjón af þörfum almennings.

<sup>1)</sup> Rgl. 504/2003.

## VII. kafli. Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár og bókhald.

### ■ 16. gr. Viðskiptaskilmálar og gjaldskrá.

□ Póstrekendur skulu birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sem um þjónustu þeirra gilda. Nýir og breyttir skilmálar skulu sendir Póst- og fjarskiptastofnun a.m.k. fimm virkum dögum fyrir gildistöku þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á skilmálum ef þeir brjóta gegn lögum, reglugerðum eða ákvæðum rekstrarleyfa þegar það á við.

□ Rekstrarleyfishafar skulu í skilmálum sínum setja ákvæði um eftirlit með notkun frímerkingavéla. Tekið skal fram með hvaða hætti áfylling á vélarnar fari fram og hvaða öryggisráðstafana er krafist til að koma í veg fyrir misnotkun.

□ Í skilmálum fyrir alþjónustu skal skilgreina aðgengi notenda að þjónustu og gæði þjónustu.

□ Gjaldskrár fyrir alþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast þess að rekstrarleyfishafar geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár þeirra. Gjöld fyrir alþjónustu skulu vera almenningi viðráðanleg og tryggja aðgang hans að þjónustunni.

□ [Rekstrarleyfishafa er heimilt að setja sérstaka gjaldskrá fyrir þá sem afhenda mikið magn póstsendinga í einu eða fyrirtæki sem safna saman póstsendingum mismunandi viðskiptavina og afhenda rekstrarleyfishafa. Slík sérgjaldskrá skal taka mið af kostnaði sem ekki hefur þurft að leggja út í við venjulega pósthjónustu.]<sup>1)</sup>

□ Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, skal gefa út sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. [Óheimilt er að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.]<sup>1)</sup> Gjaldskrána skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun til samþykkis eigi síðar en 15 virkum dögum fyrir gildistöku.

□ Póstsendingar sem ekki bera gjald samkvæmt alþjóðasamningum skulu einnig vera gjaldfrjálsar innan lands.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 2. gr.

### ■ 17. gr. Gjöld fyrir alþjónustu milli landa.

□ Við gerð samninga um endastöðvagiöld fyrir póstsendingar milli landa sem falla undir alþjónustu skulu rekstrarleyfishafar hafa til viðmiðunar eftirtaldir grundvallarreglur:

1. Endastöðvagiöld skulu taka mið af kostnaði við pósthæð, þ.m.t. útburð.

2. Upphæð gjalda skal vera í samræmi við gæði þjónustu.

3. Endastöðvagiöld skulu vera gegnsæ og gætt skal jafnræðis.

### ■ 18. gr. Fyrirkomulag bókhalds.

□ Rekstrarleyfishafar skulu í bókhaldi greina kostnað og tekjur vegna alþjónustu frá annari þjónustu. Rekstrarleyfishafi, sem falinn er einkaréttur ríkisins, sbr. 11. gr., skal í bókhaldi sínu aðgreina annars vegar tekjur og kostnað fyrir sérhverja tegund þjónustu sem fellur undir einkaréttinn og hins vegar aðra alþjónustu. Póstrekendur sem stunda einnig leyfisskylda starfsemi á öðru sviði skulu greina kostnað og tekjur vegna pósthjónustu sinnar frá öðrum kostnaði og tekjum.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal setja reglugerð<sup>2)</sup> um bókhald póstrekkenda, sundurgreiningu kostnaðar og fjárhagslegan aðskilnað milli pósthjónustu og annars reksturs og milli einkaréttarþjónustu, alþjónustu og annarrar þjónustu.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að bókhald rekstrarleyfishafa samræmist reglugerðinni og skal það staðfest opinberlega.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr. <sup>2)</sup> Rg. 313/2005.

### ■ 19. gr. Gerð og birting ársreikninga.

□ Ársreikningar rekstrarleyfishafa skulu gerðir í samræmi við lög um bókhald og lög um ársreikninga og birtir opinberlega.

## VIII. kafli. Kröfur um þjónustu og gæði.

### ■ 20. gr. Móttaka pósts.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að móttöku- og söfnunarstaðir fyrir póst sem fellur undir alþjónustu verði tæmdir a.m.k. einu sinni hvern virkan dag.

### ■ 21. gr. Útburður pósts.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.

### ■ 22. gr. Gæðakröfur.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal að því er varðar alþjónustu setja kröfur um gæði. Í slíkum reglum skal m.a. kveða á

um hver skuli vera lengstur tími frá móttöku pósts til útburðar hans miðað við ákveðinn hundradshluta, lágmarksopnunartíma póstafréiðslustaða, fjölda tæminga póstkassa á dag, hámarkstíma frá því að póstur berst til landsins þangað til hann er borinn út og hámarkstíma frá móttöku pósts til útlanda þangað til hann er afhentur flutningsaðila.

□ Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka með þessum lögum. Gæðakröfur fyrir pósthjónustu innan lands skulu taka mið af fyrrnefndum gæðakröfum fyrir sendingar milli landa. Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt undanþágu frá gæðakröfum í einstökum tilfellum vegna landfræðilegra aðstæðna eða vegna dreifingarnets rekstrarleyfishafa.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með því að gæðakröfur séu virtar. Stofnunin skal árlega gera könnun á gæðum alþjónustu og birta skýrslu um niðurstöður hennar.

#### ■ 23. gr. Tæknistaðlar.

□ Rekstrarleyfishafar skulu hafa að leiðarljósi tæknistaðla um póstmál sem staðfestir eru af Staðlaráði Íslands. Heimilt er að áskilja hið sama um staðla sem birtir eru í Stjórnartíðindum ESB, einkum þegar efni þeirra fellur undir ákvæði 22. gr.

#### ■ 24. gr. Öryggi póstsendinga.

□ Póstrekendur skulu tryggja örugga meðferð allra póstsendinga. Þegar um er að ræða ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar skulu póstrekkendur gera sérstakar ráðstafanir til þess að geyma þær á öruggum stað meðan þær eru í vörslu þeirra og verktaka þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur<sup>1)</sup> um öryggismál á póstafréiðslum.

<sup>1)</sup> Rgl. 504/2003.

### IX. kafli. Póstflutningar.

#### ■ 25. gr. Skylda til að flytja póstsendingar.

□ Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skyldugur til, ef þess er óskað, að flytja póstsendingar rekstrarleyfishafa milli staða enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar póstsendingar skulu njóta forgangs fram yfir annan vöruflutning.

#### ■ 26. gr. Öryggi í flutningum.

□ Flutningsaðilar sem annast pósthjónusta skulu tryggja örugga meðferð pósts.

### X. kafli. Jöfnunarsjóður alþjónustu.

#### ■ 27. gr. Umsóknir um fjárframlög.

□ Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 14. og 15. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær, getur hann farið þess á leit að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem hér er ræðir. Umsóknir um framlög skulu sendar Póst- og fjarskiptastofnun. Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, á aðeins rétt á fjárframlagi vegna alþjónustu sem fellur utan einkaréttar hans.

□ Við móttöku umsóknar um fjárframlag skal Póst- og fjarskiptastofnun kanna hvort þjónustan falli innan ramma 6. gr. og ef svo er hvort hún verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti. Ef það er niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að þjónustan verði ekki aflögð, ef mæta á markmiðum 2. gr., og ekki reynist mögulegt að veita þjónustuna á hagkvæmari hátt skal stofnunin tryggja rekstrarleyfishafa fjárframlög úr jöfnunarsjóði alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að fylgjast með notkun fjárframlaga.

□ Með umsókn rekstrarleyfishafa um fjárframlög til alþjónustu skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um það hvert sé heildarrekkstartap af alþjónustu rekstrarleyfishafa á viðkomandi svæði og hvernig tapið sundurliðast. Sem hluta af vinnslu umsóknar getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að fá sundurliðaðar upplýsingar um heildartekjur og kostnað umsækjanda af alþjónustu. Einnig getur stofnunin krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu umsækjanda á viðkomandi rekstrarsvæði. Póst- og fjarskiptastofnun getur enn fremur krafist aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirliti með því hvernig framlögum er varið. Í lok hvers árs skal rekstrarleyfishafi sem hlotið hefur framlag úr jöfnunarsjóði gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir ráðstöfun fjárframlagsins.

□ Þegar hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa er háður fjárframlögum úr jöfnunarsjóði getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa.

□ Fjárframlög eru veitt til eins árs í senn og skal endurnýja umsóknir um fjárframlög fyrir settan tíma. [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur nánari reglur um umsóknir um fjárframlög úr jöfnunarsjóði og afgreiðslu þeirra í reglugerð um alþjónustu, sbr. 6. gr.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr.

#### ■ 28. gr. Jöfnunargjald.

□ Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar.

□ Jöfnunargjaldið skal innheimt af rekstrarleyfishöfum í hlutfalli við bókfærða veltu þeirra á sviði alþjónustu. Með bókfærðri veltu er átt við heildarrekkstartekjur sem viðkomandi rekstrarleyfishafi hefur af pósthjónustu sem fellur undir ákvæði um alþjónustu.

□ Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum. Á grundvelli fenginna umsókna skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir [ráðherra].<sup>1)</sup>

□ Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla [laga nr. 90/2003, um tekjuskatt],<sup>2)</sup> eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa jöfnunarsjóði Póst- og fjarskiptastofnunar skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

□ Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr. <sup>2)</sup> L. 129/2004, 142. gr.

### XI. kafli. Samningar um sértæka pósthjónustu.

#### ■ 29. gr. Sértæk pósthjónusta.

□ Óski [ráðherra]<sup>1)</sup> eftir að lagt sé í framkvæmdir eða sértæka pósthjónustu sem ekki fellur undir alþjónustu en er til almenningsheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði skal Póst- og fjarskiptastofnun falið að gera samninga þessu viðkomandi við póstrekkanda í kjölfar útboðs.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr.

#### ■ 30. gr. Fjármögnun sértækra pósthjónustu.

□ Kostnaður vegna sértækra framkvæmda eða pósthjónustu skv. 29. gr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

### XII. kafli. Reglur um pósthjónustu.

#### ■ 31. gr. Móttaka og afhending póstsendinga.

□ Póstrekkendum er heimilt að setja í skilmála ákvæði um

frágang póstsendinga sem þeir taka á móti. Skilmálarinn skulu vera skýrir og gætt skal jafnræðis. Póstrekendur skulu við móttöku ganga úr skugga um að frágangur sendingar sé með þeim hætti að hægt verði að koma sendingunni til skila til viðtakanda.

□ Á póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal setja gjaldmerki sem ber með sér hvert sé gjald fyrir póstsendinguna. Gjaldmerki getur verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á póstpjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Frímerki sem hefur verið dagstimplað hættir að vera ávísun á nýja þjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið í formi ástimplunar á póstsendingu eða fylgibréf hennar með frímerkingavél notanda eða annari ástimplun af hálfu rekstrarleyfishafa. Í stað ástimplunar á póstsendingu má nota ástimplað gjaldmerki. Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi rekstrarleyfishafa eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum. Póstrekendum er heimilt að taka við fjölda-sendingum án þess að gjaldmerki fylgi hverri sendingu svo framarlega sem póstsendingarnar verða merktar sérstaklega og dagstimplaðar.

□ Allar póstsendingar í alþjónustu skulu dagstimplaðar eins fljótt og hagkvæmlega verður við komið eftir móttöku þeirra. Ef notaðar eru frímerkingavélar til ástimplunar burðargjalds má nota þær til að dagstimpla samtímis póstsendingar enda fari dagsetningin saman við afhendingardag póstsendingarinnar til rekstrarleyfishafa. Dagstimplill getur einnig verið hluti gjaldmerkis sem rekstrarleyfishafi setur samkvæmt ósk sendanda á póstsendingu eftir móttöku.

□ Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfa-kassa eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um. Póstrekendum er heimilt að endursenda póstsendingar ef bréfarifur og bréfa-kassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

□ Póstsending telst vera í vörslu póstrekkanda og á ábyrgð hans frá móttöku og þar til að hún hefur verið afhent á tilgreindum ákvörðunarstað.

□ Sendandi telst eigandi póstsendingar sem hann hefur afhent póstrekkanda þar til hún hefur verið afhent viðtakanda. Sendandi hefur jafnframt ráðstöfunarrétt yfir sendingunni og er heimilt að gefa póstrekkanda ný fyrirmæli um póstmæðferð þar til hún hefur verið afhent tilgreindum viðtakanda. Póstrekkanda er heimilt að innheimta aukagjald vegna kostnaðar sem hlýst af nýjum fyrirmælum.

### ■ 32. gr. Óskilasendingar.

□ Póstrekkendur skulu gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma póstsendingum til skráðra viðtakanda. Póstsendingar sem ekki tekst að koma til skila vegna rangs eða ónógs heimilisfangs eða vegna þess að skráður viðtakandi hefur flust búferlum til annars lands skal póstrekkandi endursenda til sendanda.

□ Póstrekkendum er heimilt að endursenda til sendanda póstsendingar sem póstlagðar eru án þess að burðargjald hafi verið innt af hendi eða ef um vangreiðslu er að ræða.

□ Þegar póstsending í óskilum er ekki merkt sendanda og ekki er hægt að endursenda hana er póstrekkanda heimilt að opna póstsendinguna í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 35. gr., að fenginni umsögn Persónuverndar. Við gerð

og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.

□ Póstsendingar sem fyrir mistök komast í hendur annars póstrekkanda en ætlað var að flytja sendinguna skulu tafarlaust sendar réttum póstrekkanda.

### ■ 33. gr. Óheimilar póstsendingar.

□ Óheimilt er að afhenda póstrekkanda sendingar með innihaldi sem er ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi fyrir mót-takanda.

□ Í reglugerð sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur um framkvæmd póstpjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um hvað telst vera ólöglegt innihald póstsendinga. Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af reglugerðinni semja lista yfir ólöglegt innihald póstsendinga og skulu póstrekkendur kynna starfsfólki sínu listann og hafa hann til reiðu á afgreiðslustöðum.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna Alþjóðapóstsam-bandinu listann yfir ólöglegt innihald. Sömuleiðis skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að listar yfir innihald sem telst vera ólöglegt í öðrum löndum séu aðgengilegir hjá rekstrarleyfishöfum.

□ Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarsendingar og tryggðar sendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripa eða hlið-stað verðmæti.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr.

### ■ 34. gr. Umbúðir póstsendinga.

□ Ganga skal tryggilega frá póstsendingum sem afhentar eru póstrekkendum í umbúðum. Póstrekkendur geta hafnað því að veita póstsendingum móttöku ef hætta er talin á því að umbúðir muni skemmast í höndum póstrekkandans. Móttaka póstsendinga í alþjónustu með innihaldi sem getur valdið skaða, smiti eða veikindum er skilyrt því að rétt sé búið um sendinguna og hún merkt í samræmi við innihald. Dæmi um slíkt innihald eru lífræn, auðskemmd efni, smitefni og geisla-virk efni. Í reglugerð sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur um framkvæmd póstpjónustu, sbr. 35. gr., skulu vera reglur um frágang, umbúðir og merkingu slíkra sendinga. Rekstrarleyfishafar skulu framvísa reglunum á afgreiðslustöðum að ósk notenda og kynna starfsmönnum sínum þær. Póst- og fjarskiptastofnun skal upplýsa erlendar eftirlitsstofnanir um reglurnar og skal safna upplýsingum um reglur sem gilda í nágrannalöndunum um samsvarandi hluti.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr.

### ■ 35. gr. Nánari reglur um framkvæmd póstpjónustu.

□ Nánari reglur um framkvæmd póstpjónustu, svo sem um minnstu og stærstu mál póstsendinga, skal [ráðherra]<sup>1)</sup> setja í reglugerð<sup>2)</sup> um alþjónustu.

<sup>1)</sup> L. 162/2010, 233. gr. <sup>2)</sup> Rg. 364/2003.

## XIII. kafli. Upplýsingaskylda póstrekkanda.

### ■ 36. gr. Upplýsingar um rekstur.

□ Póstrekkendum er skylt að afhenda Póst- og fjarskiptastofnun innan hæfilegs frests sem hún ákveður tölfraðilegar upplýsingar um starfsemi sína, þ.m.t. heildartölur um fjölda póstlagðra sendinga í mismunandi þjónustu- og þyngdar-flokkum, tölur um afgreiðslumagn einstakra afgreiðslustaða, upplýsingar um dreifingu á mismunandi stöðum o.fl.

□ Rekstrarleyfishafar skulu veita Póst- og fjarskiptastofnun upplýsingar um rekstur sinn og fjárhag svo að stofnunin geti haft eftirlit með gjaldskrá þeirra. Rekstrarleyfishafi, sem fer með einkarétt ríkisins, skal leggja fyrir Póst- og fjarskiptastofnun sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og fjárhag sem nauðsynlegar eru að mati Póst- og fjarskiptastofnunar við

endurskoðun á gjaldskrá hans. Póst- og fjarskiptastofnun eða löggiltum endurskoðanda í umboði hennar skal hvenær sem er og án fyrirvara heimilaður aðgangur að bókhaldi rekstrarleyfishafa í þeim tilgangi að sannreyna að aðgreining kostnaðar fari rétt fram og til að kanna hver sé kostnaður við alþjónustu.

□ Rekstrarleyfishafar skulu láta Póst- og fjarskiptastofnun í té upplýsingar um gæði alþjónustu, sbr. 22. gr. Póst- og fjarskiptastofnun skal vera heimilt að birta slíkar upplýsingar í úttekt sinni.

#### XIV. kafli. [Meðferð kvartana og skaðabætur.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 5. gr.

##### ■ [37. gr.] *Meðferð kvartana.*

□ Rekstrarleyfishafar skulu semja reglur um meðferð kvartana frá notendum.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal sjá til þess að reglur skv. 1. mgr. gefi kost á skjótri og sanngjarnri lausn deilumála með endurgreiðslum og/eða skaðabótum þegar þær eiga rétt á sér.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

##### ■ [38. gr.]<sup>1)</sup> *Bætur vegna seinkana.*

□ Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur þó að póstsendingum seinki.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

##### ■ [39. gr.]<sup>1)</sup> *Almennar sendingar.*

□ Póstrekendum er ekki skylt að greiða skaðabætur fyrir almennar sendingar sem glatast, hvort sem þær glatast að öllu eða einhverju leyti.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

##### ■ [40. gr.]<sup>1)</sup> *Ábyrgðarsendingar og bögglar.*

□ Sendandi ábyrgðarsendinga og böggla skal eiga rétt á skaðabótum fyrir slíkar sendingar sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti í vörslu póstrekkanda. Skaðabætur skulu miðast við verðmæti sendinganna. Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekkendum ber að taka á sig í þessu sambandi.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

##### ■ [41. gr.]<sup>1)</sup> *Tryggðar sendingar.*

□ Sendandi tryggðar sendingar sem glatast eða eyðileggst að einhverju leyti í vörslu póstrekkanda skal eiga rétt á skaðabótum jafnháum þeirri tryggingarupphæð sem tilgreind hefur verið við afhendingu sendingarinnar.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

##### ■ [42. gr.]<sup>1)</sup> *Fjármunasendingar.*

□ [Um fjármunasendingar fer samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 120/2011, 81. gr.

##### ■ [43. gr.]<sup>1)</sup> *Óbeint tjón.*

□ Skaðabótaskylda skv. [40.–42. gr.]<sup>2)</sup> nær aðeins til verðmætis þess hlutar sem glatast hefur eða rýrnunar sem stafar af skemmdum á sendingunni hjá póstrekkanda. Ekki er skylt að bæta fyrir ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða verðbréfa eða aðrar óbeinar afleiðingar skaðans.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 136/2002, 4. gr.

##### ■ [44. gr.]<sup>1)</sup> *Póstsendingar milli landa.*

□ Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið eftir gildandi milliríkjasamningum. Glatist sending eða hún bíður tjón hjá póstrekkanda á íslensku landsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða enda sé það hagstæðara fyrir tjónþola.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

##### ■ [45. gr.]<sup>1)</sup> *Sérstök tilvik.*

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um að póstrekkandi skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir póstsendingar ef tjónið stafar af ásetningi eða stórfelldu gáleysi póstrekkanda eða starfsmanna hans eða ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla þykja ekki eiga við.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

##### ■ [46. gr.]<sup>1)</sup> *Fyrning skaðabótakröfu.*

□ Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan sex mánaða frá því að viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

#### XV. kafli. Póstleynd og undanþágur.

##### ■ [47. gr.]<sup>1)</sup> *Póstleynd og íhlutun starfsmanna.*

□ Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun pósthjónustu að undangengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

□ Öllum sem starfa við pósthjónustu er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

##### ■ [48. gr.]<sup>1)</sup> *Undanþágur.*

□ Þrátt fyrir ákvæði [47. gr.]<sup>2)</sup> er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru svo að unnt sé að endursenda þær, enda sé það gert í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvaranlega búið um sendinguna vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættulegt getur verið að senda. Póstrekkandi skal halda skrá yfir póstsendingar sem eru opnaðar án dómsúrskurðar í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr.

□ Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðrúðum viðtakanda.

□ Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skiptastjórum eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráðamanni dánarbús nema þær beri með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 136/2002, 6. gr.

##### ■ [49. gr.]<sup>1)</sup> *Ólögmet háttsemi.*

□ Starfsmönnum við pósthjónustu er óheimilt að rífa upp, ónýta eða skjóta undan póstsendingum, eða ónýta, aflaga eða skjóta undan skeytum sem veitt hefur verið móttaka til útburðar.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

**■ [50. gr.]<sup>1)</sup> Skylda að upplýsa starfsfólk.**

Póstrekendur skulu kynna starfsfólki sínu og verktökum sem vinna við pósthjónustu ákvæði þessa kafla.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

**XVI. kafli. Milliríkjasamningar.****■ [51. gr.]<sup>1)</sup> Pósthjónusta við önnur lönd.**

Ákvæði laga þessara gilda einnig um pósthjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við milliríkjasamninga um pósthjónustu.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

**■ [52. gr.]<sup>1)</sup> Þátttaka rekstrarleyfishafa í alþjóðlegu samstarfi.**

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að rekstrarleyfishafar skuli taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

**XVII. kafli. Viðurlög.****■ [53. gr.]<sup>1)</sup> Viðurlög við brotum.**

Brot á lögum þessum varða sektum, en fangelsi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Gáleysisbrot skulu varða sektum.

Brot gegn XV. kafla laganna, um póstleynd og ólögmetna háttsemi, varða sektum eða fangelsi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé brotið framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

**XVIII. kafli. Ýmis ákvæði.****■ [54. gr.]<sup>1)</sup> Reglugerðir.**

[Ráðherra]<sup>2)</sup> getur sett í reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laganna.

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 233. gr.

**■ [55. gr.]<sup>1)</sup> Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

. . .

<sup>1)</sup> L. 136/2002, 3. gr.

**Viðauki. Gæðakröfur vegna póstsendinga milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

Gæðakröfur fyrir póstsendingar milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins skulu í hverju landi settar um lengsta tíma fyrir póstméðferð frá móttökustað til afhendingarstaðar og skal hann mældur fyrir póstsendingar sem eru í hraðasta flokki samkvæmt jöfnunni D+n þar sem D merkir móttökudag og n fjöldi virkra daga sem líða milli móttökudags og afhendingar sendingarinnar til hins áritaða móttakanda.

Móttökudagur skal teljast sá dagur þegar póstsendingin er lögð inn svo framarlega sem það á sér stað fyrir þann tíma sem tilkynnt hefur verið að síðasta söfnun pósts á þeim móttökustað sem um ræðir eigi sér stað. Þegar sending er lögð inn eftir þennan tíma skal móttökudagur teljast næsti söfnunardagur.